

Dragi Eysteinn skrifar um MYNDLIST

Á HAUSTSÝNINGU

Það á vel við að hafa árlega yfirlitssýningu Félags íslenzkra myndlistarmanna að haustnóttum. Upprunalega var hugmyndin sú að gera þá úttekt á starfi félagsmanna á næstliðnu ári eða árum, enda er aðalregla sýningarinnar sú, að sýna einungis verk sem ekki hafa verið sýnd á höfuð borgarsvæðinu áður, ennfremur sem gerð yrði nokkurs konar liðskönnun varðandi hugsanlega nýja félagsmenn. Fyrirtækið hefur þó í dag vaxið út fyrir þennan upprunalega ramma sinn og er þannig ekki einasta félagsýning, heldur er hún farin að fá svip af einni allsherjar úttekt á því, sem gert hefur ver-


og kemur þannig mörgum í sýningarnefnd á óvart. Ef til vill er hún að nokkru leyti afleiðing þess, að sú stefna var tekin á fyrri sýningu að velja einungis úr laðsendum myndum og leitast þannig ekki við að auka gæðin með því að fara bóknaðarveg að þekktum myndlistarmönnum um góð verk, svo sem venjan hafði verið áður. Dekurbörn skyldu ekki hafa sérstök friðindi eða áskrift á allar sýningar, — í ljósi þess, að það er ekki síður vandi að skipta við þá sem hafa ofmetnast en hina, sem gengið hefur verið framhjá. Þessi þróun er í samræmi við hliðstæðar sýningar á Norðurlönd-

— Haustiýningarnar geta þannig að óbreyttu ekki orðið betri en sá efniviður, er sýningarnefnd berst upp í hendur hverju sinni, en til að gera þær áhugaverðari og gefa þeim lit væri athugið að bjóða einum eða fleiri að vera sérstakir gestir ár hvert, en þó aldrei fleiri en þremur hverju sinni, t.d. einum af eldri kynslóð, einum af miðkynslóð og einum af þeim yngstu, og jafnvel leita út fyrir landsteinana.

Svo að víkið sé að nokkru að þeim fjölda, er afskiptur verður hverju sinni, vegna þess að myndir hans falla ekki inn í heildarmyndina eða hljóta ekki náð fyrir augum dómnefndar, þá verður það að segjast að slíkt er óhjákvæmileg fylgja slíkra sýninga, og þá er bara að hanna betur fyrir næstu sýningu. Á haustsýningunni í Osló á síðasta ári voru það t.d. ekki færri en 667, er urðu að bíta í það súra epli að vera hafnað, og í ár munu þeir vafalaust enn fleiri, en um það hef ég ekki tölur. — Það eru svo mörg atriði, sem eiga þátt í því að myndum er hafnað, að sjálfsagt er að reyna aftur og vafalaust kemur það fyrir, að sýningarnefnd skjálást. Slíkt getur hent, og hafa hinir beztu listamenn orðið fyrir viðlíka reynslu erlendis, jafnvel starfandi listaprófessorar, og því ber einungis að herða upp hugann. Þeir sem hafa metnað, gefast aldrei upp, hvað sem á reynir og slíkir marka veginn til gildra afreka.

Varðandi þá áleitnu spurningu, hvort sýningin í ár spegli stöðu íslenzkrar nútímalistar í dag, verður að svara á þá leið, að slíku muni ekki til að dreifa, enda var ekki búist við því. Slíkt var fyrirfram vonlaus óskhyggja vegna naums undirbúningsstíma, en einnig vegna þess, að það virðist samantekin ráð þeirra, er fylgja SUM-hópnum að málum, að sýna ekki á haustsýningum F.Í.M., og þá virtust færstir hinna yngri, er náð hafa umtalsverðum árangri og utan félagssamtaða standa, eiga nýleg verk. Svo kemur það einnig til, að skammt er liðið frá Sumarsýningunni í sama húsi, og þeir sem sýndu, voru ekki allir tilbúnir til að sýna aftur á samsýningu.

Þróunin í sýningamálum höfðborgarinnar gæti hugsanlega orðið sú, að æ fleiri myndi smálisthópa (grúbbur), sem sýni svo



Málverkið „Úr Eyjum“ eftir Einar Þorláksson.

nokkuð reglulega. Slíkt myndi vissulega auka mjög fjölbreytni myndlistarlífsins í Reykjavík, og er það ekki einmitt það, sem allir framsækir myndlistarmenn vilja stefna að? Það eru aðeins fá ár, síðan F.Í.M. einskorðaðist við fámennan, starfandi hóp, lítinn kjarna Septembersýningarmanna, sem hélt saman innanlands og utan og sýndi ár eftir ár á haustsýningum ásamt örfáum útvöldum utanfélagsmönnum. — Myndlistarmenn verða ekki aðeins að aðlagja sig breyttum tímum, stórauknum möguleikum og nýjum viðhorfum í sýningarmálum heldur og einnig í félagsmálum, en þar riður á að stokka upp spilin, því að ella fer allt í sjálfheldu innan skamms og liðið tvístrast.

— Ég hef gerzt hér nokkuð margorður um sýningarmál almennt, vegna þess að það hlýtur margt að leita á hugann um þau mál við tilkomu hins nýja sýningarhúsnæðis. Þessi mál eru enn í deigluinni, því að svo er sem myndlistarmenn hafi ekki með öllu áttað sig á þeim miklu breytingum sem orðið hafa á aðstöðu þeirra hin allra síðustu ár og öllum þeim möguleikum, sem þeir hafa þar með skyndilega fengið upp í hendurnar. Annað er, að sem einn af nefndarmönnum sýningarinnar á ég óhægt um vik til gagnrýni að þessu sinni, þótt ég sé á engan veg samála um allt á sýningunni. Meirihluti dómnefndar hlaut hér að ráða. Listrýnirinn getur aldrei orðið eins ferskur og frjór, þegar hann sjálf ur hefur tekið þátt í því að velja og hafna, og þá er hann kemur fyrst á fullmótaða sýningu. En ég treysti því, að aðrir verði til að gagnrýna þessa sýningu þeim mun rækilegar, því að slíkar sýningar ber að gagnrýna og stuðla að frjálsum skoðanaskiptum um hvernig tekist hafi.


Ég vil þó vika að framlagi nokkurra einstaklinga, og fara hratt yfir. Er þá fyrst að geta félagsmanna F.Í.M. Þykir mér hlutur þeirra ekki sem skyldi á þessari sýningu. Til þess vantar of marga, og ýmsir þeir, sem sýna, eru ekki nægilega kynntir með einni mynd, þó að þeir standi fyrir sínu að öðru leyti,

ég er andstæður því að einstaklingur eigi færri en tvær myndir af meðalsterð á slíkri sýningu eða þá eina stóra. Einna mesta athygli vekur **Hrólfur Sigurðsson** með tveim ágætum landslagsmyndum. Minnst ég þess ekki að hafa séð þennan málara sterkt á félagssýningu áður. Hið sama má segja um myndir **Ágústs Petersen** og **Einars Þorlákssonar**. Mynd Ágústs „Borg“ er sérkennileg og safarík í lit, og mynd Einars, „Úr Eyjum“, er vafalítið beztá framlag hans til samsýningar fram að þessu, sú mynd er einföld og mögnuð. Það er þokki yfir myndum **Eyborgar Guðmundsdóttur**, þessi þrenna hennar fellur vel saman. Myndir **Harðar Ágústssonar** er gerðar af mikilli formrænni kunnáttu, en njóta sín ekki sem skyldi í upphengingu. **Hafsteinn Austmann** virðist á vegamótum, og það gustar hressilega frá myndum hans. Mynd **Jóhanns Briem** „Köttur“, er máluð af sannferandi karlmannlegum exppressjónistisk um þrótti. Aðrir félagsmenn gera hvorki betur né verr í málverkinu en þeir hafa áður gert.

Af utanfélagsmönnum vekur **Björg Þorsteinsdóttir** mesta athygli fyrir hinar tvær stóru myndir sínar. Einkum er sú hin minni máluð af málarskri tilfinningu og mjög nútímaleg. **Ragnheiður Jónsdóttir Ream** er andstæða Jóhanns Briem í exppressjónismanum með sínar ljóðrænu og menningarlegu myndir málaðar af kvenlegum yndisbókka. Surrealistisk gerjun kemur fram í myndum **Sigríðar Björnsdóttur**, og hún virðist sækja á í lit. Félagarnir **Sigurður Örlýsson** og **Magnús Kjartansson** standa fyrir sínu í þessum hópi, og mynd **Sigurðar**

„Rauð ský“, er með því bezta, sem ég hefi séð frá hans hendi. **Bargi Þór Gíslason** virðist mikið efni í nýrealista, hann veldur góðri tækni, og það er einhver sérstæður neisti í myndum hans. Nýliðinn **Margrét Reykdal** á vel samræmda mynd í bláum tónum, og framlag **Akureyringsins Arnar Inga** er virðingarvert. **Myndvefnaðurinn** á sýningunni er fágður og sómir sér vel, en þar sakna ég þó nýsköpunar í bland við tilraunagerð nútímans. **Vatns litamyndirnar** á sýningunni einkennast einnig af menningu og fágun. Af teikningum á sýningunni eru það einkum myndir **Haralds Guðbergssonar**, sem vekja athygli. Virðist hann búa yfir sérkennilegum, mögnuðum hæfileikum. **Jóhanna Bogadóttir** er eini sýnandinn, sem heldur uppi söma grafík-listarinnar og ferst það vel. Er hér um mjög ánægjulega og athyglisverða framför hjá hinu ungu listakonu að ræða, sem einkum kemur fram í myndinni „Hvert“ **Af myndhöggvurum** finnst mér **Guðmundur Benediktsson** bæta einna mest við sig frá fyrri sýningu, og hinn kornungi **Þorsteinn Úlfar Björnsson** haslar sér völl með ágætum grásteinsmyndum. **Glermyndir Leifs Breiðfjörðs** eru skemmtilegt framlag til sýningarinnar.

Í heild er sýningin rislægi en skyldi og biður aðstandenda hennar mikið verkefni að lyfta henni í framtíðinni. Undirbúningur næstu sýningar í stórum dráttum þarf að hefjast strax að lokinni þessari sýningu.



Höggmynd, eir, eftir Guðmund Benediktsson.

íð í myndlist árin á undan, almennt séð. Öllum er heimilt að senda verk sín til dómnefndar, og þátttaka þeirra er standa utan félagsins og senda inn myndir, verður meiri með ári hverju, þó að slíkt sé gert upp á von og óvon um árangur. Þannig bærust sýningarnefnd liðlega hundr að fleiri verk en á síðustu sýningu, sem var í Norræna húsinu fyrir tveimur árum, og tala þeirra, sem nú sýna í fyrsta skipti á haustsýningu í ár, er 19 á móti 9 síðast. Haustiýningin féll niður á síðasta ári vegna seinkunar byggingar myndlistarhússins. Áðurnefnd þróun er athyglisverð, því að hún gerist rökrett og óháð, er ekki skipulögð

um, en felur einnig í sér vissar hættur í okkar litla þjóðfélagi. Ávinningurinn er þó sá, að fjölbreytnin verður meiri og sýningin verður áhugaverðari fyrir almenning. Hér verður síður um endurtekningar að ræða eða sömu andlitin ár eftir ár. Hins vegar ber því ekki að neita, að sýningarnar í heild verða trúlega rislægi. En við skulum vona, að hér sé einungis um vaxtarverki að ræða vegna breyttra viðhorfa, eins konar millibils-ástand. Þessari nýskipan fylgir jafnframt sú nauðsyn, að oftar og rækilegar verði stokkað upp í sýningarnefnd, til að viðhorfin verði sem breytilegust, en engin stöðnun né lognmolla náí taki.

Vegna fráfalls **KJARTANS GUÐMUNDSSONAR**, kaupmanns lokar

Verzlunin Bjarmaland,

Laugarnesvegi 82, frá og með 1. október '73.
Við þökkum viðskiptavinum vorum öll þau ánægjulega viðskipti, sem verzlunin hefur átt á undanföllum árum.

Aðstandendur.

Efnalaug

Til sölu er gamallgróin efnalaug í fullum rekstri.
Má greiðast með 2ja til 3ja ára fasteignabréfi.

FASTEIGNAÞJÓNUSTAN,
Austurstræti 17.



„Portrett“ eftir Þorgeir Gíslason.